

100

2. okt.

6. gr.

Brot á móti reglugerð þessari varða sektum frá kr. 100.00—50000.00. nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Mál út af brotum á reglugerðinni skulu rekin sem almenn lögreglumál. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 2. október 1931.

Ásgeir Ásgeirsson.

Sigurjón Markússon.

101

12. okt.

REGLUGERÐ

um

breyting á reglugerð nr. 57, 11. júlí 1923, um bann við dragnótaveiði í landhelgi við sunnanverðan Faxaflóa.

1. gr.

Í landhelgi fyrir framan strandlengju Keflavíkurhrepps skal leyft að nota dragnætur til fiskveiða á tímabilinu frá 15. október til 30. nóvember þ. á.

Mörk milli Vatnsleysustrandarhrepps og Keflavíkurhrepps eru: Innri-Skora á Vogastapa miðuð við Súgur á Reykjanesi, og mörk milli Keflavíkurhrepps og Gerðahrepps eru: Lína um Merkjastein á Hellunefi um Keflavíkurborg, sem er tóft sunnan Gerðavegar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. október 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.